

## REGLUGERÐ

### um bann við síldveiðum með flotvörpu út af Héraðsflóa.

#### 1. gr.

Frá og með 19. nóvember 2005 til 1. febrúar 2006 eru allar veiðar með síldarflotvörpu bannaðar milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 00'00 N – 13° 58'30 V
2. 66° 00'00 N – 12° 00'00 V
3. 65° 40'00 N – 12° 00'00 V
4. 65° 40'00 N – 13° 17'00 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Guðný Steina Pétursdóttir.*